



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 10/2009

## **Kvörtun Brimborgar ehf. yfir auglýsingum Heklu hf.**

### **I.**

#### **Erindið**

Með tveim bréfum lögmans Brimborgar ehf., dags. 19. júní 2008, er kvartað yfir tveim auglýsingum Heklu hf. Annars vegar auglýsingu sem birtist m.a. í Viðskiptablaðinu 11. júní 2008. Þar sé auglýst tiltekin Volkswagen bifreið með yfirskriftinni „Loksins geturðu keyrt bensínlaus“. Í auglýsingunni segi að bifreiðin kosti kr. 2.730.000 eða kr. 35.400 á mánuði. Í smáu letri komi fram að miðað sé við bílasamning m.v. 20% útborgun og að árleg hlutfallstala kostnaðar sé 9,36%. Að mati Brimborgar sé auglýsingin villandi og brjótí í bága við 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005, þar sem hún sé ekki í samræmi við 1. og 4. gr. reglna nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum en þar komi fram að þegar afborgunarkaup séu auglýst skuli bæði staðgreiðsluverð og heildarverð með vöxtum og kostnaði koma fram. Hvorugt sé uppfyllt í auglýsingunni. Þá er vísað í kvörtun Brimborgar yfir auglýsingum Heklu gegn verðbólgu en í ofangreindri auglýsingu segir að allt að 17% verðlækkun sé á nýjum bílum þó svo viðurkennt sé af Heklu að sú lækkun nái aðeins til einnar bifreiðar.

Hins vegar er kvartað yfir auglýsingu Heklu sem birtist m.a. í Fréttablaðinu 15. júní 2008. Þar sé auglýst tiltekin Volkswagen bifreið með yfirskriftinni „Nú er komið sumar og verðið hefur aldrei verið betra“. Í auglýsingunni segi að bifreiðin kosti kr. 2.280.000 eða kr. 29.400 á mánuði. Í smáu letri komi fram að miðað sé við bílasamning í 84 mánuði og m.v. 20% útborgun og að árleg hlutfallstala kostnaðar sé 9,8%. Að mati Brimborgar sé auglýsingin villandi og brjótí í bága við 5., 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005, þar sem hún sé ekki í samræmi við 1. og 4. gr. reglna nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum. Í reglunum sé kveðið á um að þegar afborgunarkaup séu auglýst skuli bæði staðgreiðsluverð og heildarverð með vöxtum og kostnaði koma fram. Einnig skuli auglýst endanlegt verð til kaupanda sbr. 1. og 4. gr. reglnanna. Hvorugt sé uppfyllt í auglýsingunni. Þá telur Brimborg að auglýsingin sé ekki í samræmi við kröfur sem Neytendastofa hefur gert til auglýsinga, þ.e. að auglýsendum sé gert að færa sönnur á fullyrðingar sínar og verði hann að tryggja að allar forsendur fullyrðinga sem birtist í auglýsingum liggi fyrir áður en ráðist sé í gerð þeirra. Fullyrða megi að verð á bifreiðinni hafi



áður verið betra og því sé fullyrðing Heklu röng. Loks er vísað í kvörtun Brimborgar um auglýsingar Heklu gegn verðbólgu en í ofangreindri auglýsingu segir að allt að 17% verðlækkun sé á nýjum bílum, þrátt fyrir að viðurkennt hafi verið af Heklu að lækkunin nái aðeins til eins bíls.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindi Brimborgar voru send Heklu hf. til umsagnar með tveim bréfum Neytendastofu, dags. 2. júlí 2008. Þar var jafnframt vakin athygli á því að 6. júní 2008 hafi tekið gildi lög nr. 50/2008 um breytingu á lögum nr. 57/2005 og þess getið að til álíta gætu komið ákvæði 5. gr., 8. gr., d. liðar 9. gr., f. liðar 10. gr. og 14. gr. laga 57/2005 eftir breytinguna.

Bréfin voru ítrekuð 23. júlí 2008, þar sem svar hafði ekki borist innan tilskilins frests. Með bréfi lögmanns Brimborgar til Neytendastofu, dags. 15. ágúst 2008, var kvartað yfir því að auglýsingar þær sem kvartað var yfir væru enn að birtast og þess óskað að Neytendastofa sæi til þess að birting þeirra yrði stöðvuð.

Svar lögmanns Heklu er dags. 26. ágúst 2008. Þar segir að almenn skilgreining á hugtakinu afborgunarkaup feli það í sér að um venjuleg kaup sé að ræða, þar sem ákveðinn hlutur er keyptur og greiðist á umsömdum tíma. Hvernig greiðslurnar fari fram sé sammingsatriði hverju sinni og því mismunandi milli lánveitenda hvernig greiðslur við slík kaup séu settar fram. Í kvörtun Brimborgar sé því haldið fram að framsetning afborgunarkaupna í auglýsingum Heklu séu villandi með vísan til laga nr. 57/2005 og reglna nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum. Þó gildi reglnanna sé ekki dregið í efa þá eigi þær ekki við í auglýsingum Heklu því við gerð auglýsinganna hafi verið stuðst við lög nr. 121/1994 um neytendalán. Þó svo Hekla sé ekki hinn eiginlegi lánveitandi hafi Neytendastofa litið svo á að sá sem auglýsi og birti upplýsingar um lánskjör við kaup á lausafé eða þjónustu verði að hlíta lögum um neytendalán. Þurfi Hekla því í viðskiptum sínum að fara eftir ákvæðum þeirra laga þegar vísað sé til einhverra sérstakra kjara. Í 13. gr. laganna kemur m.a. fram að lánveitanda sé skylt í auglýsingum að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar og auk þess gefa upp staðgreiðsluverð hins selda. Í lagagreininni segi ekkert um að heildartalan þurfi að koma fram í auglýsingum. Ótækt sé að leggja ríkari skyldur á Heklu um hvað koma skuli fram í auglýsingum hans en fram komi í 13. gr. laganna.



Auglýsingar Heklu brjóti ekki í bága við 6. gr. laga nr. 57/2005 þar sem þar sé hvorki að finna rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar né séu þær ósanngjarnar gagnvart neytendum eða keppinautum.

Í bréfi Neytendastofu sé vísað til tiltekinnna greina breytingalaga við lög nr. 57/2005 sem hugsanlegan grundvöll fyrir brotum Heklu.

Í 8. gr. laganna séu viðskiptahættir óréttmætir brjóti þeir í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Óljóst sé hvernig auglýsingarnar geti raskað verulega fjárhagslegri hegðun einstaklinga. Í auglýsingunum er vara boðin til sölu og greint frá hagstæðum kaupum sem neytendum bjóðist. Hvað varðar það að segja að verð vörunnar hafi aldrei verið betra er á það að líta að síðustu misseri hafa orðið verulegar verðlækkunar á vörum Heklu þrátt fyrir almennar verðhækkunar í samfélaginu. Þegar keppinautar Heklu hafa verið að hækka verð á vörum vegna verðbólgu og falls krónunnar hafi Hekla auglýst gegn verðbólgu þar sem segir að um sé að ræða „allt að 17% verðlækkun á nýjum bílum“. Þó sú tilgreinda lækkun eigi aðeins við um eina tegund þá sé einnig um að ræða lækkunar á öðrum bílum þó sú lækkun sé ekki jafn mikil. Á þessum tiltekna bíl í auglýsingunni hafi verið lækkað um ca. 11%. Þá sé um mun meiri búnað að ræða í bílnum heldur en áður. Fullyrðingin um að aldrei hafi boðist betra verð standist því fullkomlega. Er þá um að ræða verð miðað við kaupmátt en ekki krónutölu.

Í d. lið 9. gr. sé fjallað um villandi upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum. Verð á Golf Trendline bifreiðum hefur lækkað úr 2.560.000 í kr. 2.280.000. Hekla sé hér að lækka verð neytendum til góða. Þá er vakin athygli á því að Hekla notar ekki efsta stig lýsingarorða í auglýsingum sínum heldur miðstig.

## 2.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 8. september 2008, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

Bréf lögmanns Brimborgar er dags. 12. september 2008. Þar segir að efni málsins sé einfalt. Hekla hafi vanrækt að auglýsa heildarverð bifreiða og endanlegt verð þeirra til kaupenda sbr. d. lið 9. gr. og f. lið 14. gr. laga nr. 57/2005 sbr. breytingalög nr. 50/2008. Lög um neytendalán nr. 121/1994 takmarki ekki að neinu leyti vægi framangreindra laga eins og Hekla haldi fram. Að sjálfsögðu þurfi að uppfylla bæði lög. Þá beri Heklu að sanna fullyrðingar sínar sbr. skýra túlkun Neytendastofu í sambærilegum málum.



Með bréfi Neytendastofu til lögmans Heklu, dags. 26. febrúar 2009, var tilkynnt að sökum anna hjá Neytendastofu hefði orðið dráttur á afgreiðslu málsins. Með bréfinu fylgdi afrit bréfs lögmans Brimborgar, dags. 12. september 2008 og gefinn tíu daga frestur til að koma að athugasemdum og jafnframt tilkynnt að það bættist við gagnalistann. Afrit bréfsins var sent lögmanni Brimborgar. Engar athugasemdir bárust.

### **III. Niðurstaða**

#### **1.**

Í máli þessu kvartar Brimborg ehf. yfir tveim auglýsingum Heklu hf. Annars vegar er kvartað yfir auglýsingu á Volkswagen bifreið með yfirskriftinni „Loksins geturðu keyrt bensínlaus“ sem birtist í Viðskiptablaðinu þann 11. júní 2008. Í auglýsingunni segir að bifreiðin kosti kr. 2.730.000- eða kr. 35.400 á mánuði. Mánaðarleg afborgun sé miðuð við bílasamning með 20% útborgun og að árleg hlutfallstala kostnaðar sé 9,36%. Að mati Brimborgar er auglýsingin villandi þar sem hvorki komi fram staðgreiðsluverð né heildarverð með vöxtum og kostnaði eins og skylt sé. Sé auglýsingin brot á þágildandi 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og 1. og 4. gr. þágildandi reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995. Þá er vísað í kvörtun Brimborgar yfir auglýsingum Heklu gegn verðbólgu.

Hins vegar er kvartað yfir auglýsingu Heklu þar sem önnur Volkswagen bifreið er auglýst með yfirskriftinni „Nú er komið sumar og verðið hefur aldrei verið betra“. Kvartað er yfir fullyrðingunni um að verðið hafi aldrei verið betra. Neytendastofa hafi gert auglýsendum að geta fært sönnur á fullyrðingar sínar, en fullyrða megi að verð á bifreiðinni hafi áður verið betra og því sé fullyrðingin röng. Að öðru leyti er auglýsingin sambærileg við fyrri auglýsinguna og að mati kvartanda er hún brot á sömu þágildandi lagagreinum í lögum nr. 57/2005 og 1. og 4. grein reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995. Auk þess er vísað til 7. gr. þágildandi laga en sú lagagrein snéri að samanburðarauglýsingum. Þá er í kvörtun Brimborgar vísað í auglýsingu Heklu um aðgerðir fyrirtækisins gegn verðbólgu.

Í bréfi Neytendastofu til Heklu, dags. 2. júlí 2008, er vakin athygli á því að 6. júní 2008, hafi tekið gildi lög nr. 50/2008 um breytingu á lögum nr. 57/2005 og að mat stofnunarinnar væri að til álita kæmu 5. gr., 8. gr., d. liðar 9. gr., f. liðar 10. gr. og 14. gr. laga 57/2005 eftir breytinguna.

Að mati Heklu eiga framangreindar lagagreinar og reglur ekki við auglýsingar Heklu þar sem auglýsingarnar byggja á lögum nr. 121/1994 um neytendalán. Ljóst sé að Hekla hafi uppfyllt



skilyrði laganna í auglýsingunum. Ekki komi fram í lögnum að heildarverð skuli koma fram í auglýsingum. Um fullyrðinguna um að „verðið hafi aldrei verið betra“ hafi bifreiðin lækkað í verði og í henni sé mun meiri búnaður en áður. Þá er bent á að ekki sé notað lýsingarorð í efsta stigi. Hvað viðkomi þeim lagagreinum sem Neytendastofa vísi til eftir breytingu á lögum nr. 57/2005 sé óljóst hvernig auglýsingarnar geti raskað verulega eða séu líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda sbr. 8. gr. laganna. Þá eigi d. liður 9. gr. ekki við þar sem Hekla sé að lækka verð á bifreiðum neytendum til góða.

Sem að framan greinir vísaði lögmaður Brimborgar, á síðari stigum málsins, til d. liðar 9. gr. og f. liðar 14. gr. laga nr. 57/2005 sbr. breytingarlög nr. 50/2008.

## 2.

Í máli þessu er því haldið fram að auglýsingar Heklu snúist um það að auglýsa og birta upplýsingar um lánskjör við kaup á lausafé og verði því að hlíta lögum um neytendalán. Eigi því lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu ekki við um auglýsingarnar.

Engum vafa er undirorpið að lög nr. 57/2005 taka til viðskiptahátta, þar með talið auglýsinga. Ekkert bendir þess til að þar séu auglýsingar um neytendalán undanskildar og ekki hefur verið sýnt fram á það. Þegar af þeirri ástæðu vísar Neytendastofa þeirri málsástæðu á bug. Þar sem auglýsingar þær sem vísað er til í upphaflegum tveim bréfum Brimborgar til Neytendastofu birtust eftir að lög nr. 50/2008, um breytingar á lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, tóku gildi verða lögin með þeim breytingum notuð til úrlausnar máls þessa ásamt þágildandi reglum nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum. Verður litið til 5. gr., 8. gr., d. liðar 9. gr., f. liðar 10. gr., 14. gr. og 15. gr. laganna. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 8. gr. sem er í III. kafla laganna segir:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki



tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun. Augljóslega er tilgangur auglýsinga Heklu, sem um er deilt í máli þessu, sá að fá neytendur til að kaupa bifreiðar af fyrirtækinu og því ætlað að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 kemur því til álita í máli þessu.

Í d. lið 9. gr. sem er í III. kafla laganna segir:

*„Viðskiptahættir eru villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Hér er átt við upplýsingar um: [...]*

*d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum“.*

Í auglýsingum Heklu er gefið upp staðgreiðsluverð og tilboðsverð bifreiðanna sem og mánaðarleg afborgun bílasamnings. Kemur því lagagreinin til álita í máli þessu.

f. liður 10. gr. sem jafnframt er í III. kafla laganna hljóðar svo:

*„Ef fyrirtæki hyggst auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu skal það, eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er, veita upplýsingar um:*

*[...]*

*f. endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld.“*

Í auglýsingum Heklu er gefið upp staðgreiðsluverð og tilboðsverð bifreiðanna sem og mánaðarleg afborgun bílasamnings svo lagagreinin kemur til álita í máli þessu.

Ákvæði 14. gr. sem er í V. kafla laganna er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“*

Ákvæðið er að mestu samhljóða eldri 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Sú breyting hefur þó orðið á gildissviði ákvæðisins að nú á það eingöngu við um viðskiptahætti gagnvart keppinautum, en ekki neytendum.



Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinauti auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Auglýsingar Heklu eru settar fram í atvinnuskyni og er ætlað að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um val á bifreið og eru þar af leiðandi til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn. Að mati Neytendastofu kemur því lagagreinin til álita í máli þessu.

Ákvæði 15. gr. sem er í V. kafla laganna fjallar um samanburðarauglýsingar. Samanburðarauglýsingar eru allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið er skýrt rúmt svo allar tegundir samanburðar heyri þar undir.

Í annarri hinna umkvörтуðu auglýsinga kemur fram fullyrðingin um að verðið hafi aldrei verið betra. Að mati Neytendastofu eru fullyrðingin til þess fallin að geta vísað til keppinauta og því kemur ákvæði 15. gr. laganna til skoðunar í máli þessu.

Í erindinu er vísað til 1. og 4. gr. þágildandi reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995 en þær hljóða svo:

1. gr.: „Uppgefið verð skal vera endanlegt verð til kaupanda.“

4. gr.: „Ef einhverjar upplýsingar eru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram: 4.1 Staðgreiðsluverð. 4.2 Heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, miðað við tiltekin lánstíma.“

Ákvæði reglnanna fjalla um það með hvaða hætti neytendum eru veittar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu í auglýsingum. Í auglýsingum Heklu er gefið upp staðgreiðsluverð bifreiðanna sem og afborgunarverð á mánuði. Ákvæði reglnanna koma því til álita í málinu.

### 3.

Í máli þessu er kvartað yfir tveim auglýsingum Heklu. Annars vegar yfir auglýsingu með yfirskriftinni „Loksins geturðu keyrt bensínlaus“ þar sem ekki komi fram heildarverð bifreiðarinnar með afborgunarkaupum og hins vegar er kvartað yfir auglýsingu með yfirskriftinni „Nú er komið sumar og verðið hefur aldrei verið betra“ þar sem ekki komi fram heildarverð bifreiðarinnar með afborgunarkaupum og fullyrðingin um að verðið hafi aldrei verið betra sé röng. Þá er kvartað yfir fullyrðingunni „allt að 17% verðlækkun á nýjum bílum“ sem fram kemur í auglýsingunum og vísað til kvörtunar Brimborgar til Neytendastofu yfir auglýsingum Heklu gegn verðbólgu



Hvað viðkemur tilvísunum Brimborgar í kvörtunum fyrirtækisins yfir auglýsingum Heklu um allt að 17% verðlækkun á bifreiðum vísar Neytendastofa til ákvörðunar stofnunarinnar nr. 27/2008, „Kvörtun Toyota á Íslandi hf. og Brimborgar ehf. yfir framsetningu Heklu hf. á verðlækkunum hjá félaginu“.

Verður nú vikið að hvorri kvörtun fyrir sig.

### 3.1

Í auglýsingu með yfirskriftinni „Loksins geturðu keyrt bensínlaus“ er auglýst til sölu bifreiðin Volkswagen Ecofuel. Gefið er upp verð bifreiðarinnar, væntanlega staðgreiðsluverð, kr. 2.730.000. Þá er bifreiðin boðin til sölu með kr. 35.400 greiðslu á mánuði. Er sú fjárhæð stjörnumerkt og gefin skýringin „m.v. bílasamning m. 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,36%.“ Ekki er gefið upp endanlegt verð til kaupanda sé bifreiðin keypt með afborgunarkaupum. Í f. lið 10. gr. laga nr. 57/2005 sem og 1. gr. þágildandi reglna um verðupplýsingar í auglýsingum er gerð skýlaus krafa um það að gefið sé upp endanlegt verð. Hvorki í ákvæðinu sjálfu né greinargerð með frumvarpi til laganna er verð vöru sem keypt er með afborgunarsamningi undanskilið ákvæðinu. Því verður að mati Neytendastofu að telja að þegar vara er auglýst með afborgunarkaupum beri skv. ákvæðinu að gefa upp endanlegt verð vörunnar með afborgunarsamningi. Í ákvæði 4. gr. þágildandi reglna um verupplýsingar í auglýsingum er einnig gerð sú krafa að gefinn sé upp heildarkostnaður samningsins.

Í auglýsingunni er ekki gefinn upp lántökukostnaður eða til hve langs tíma afborgunarsamningurinn er. Neytendur geta því ekki með nokkru móti áttáð sig á því hver heildargreiðsla afborgana er. Að mati Neytendastofu er því um villandi upplýsingar um verð að ræða, sbr. d. lið 9. gr. laga nr. 57/2005, og auglýsingin til þess fallin að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda, sbr. 8. gr. laga nr. 57/2005.

Að mati Neytendastofu er auglýsingin til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn og er því ósanngjörn gagnvart keppinautum og því brot gegn ákvæði 14. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til alls framangreinds brýtur auglýsing Heklu með yfirskriftinni „Loksins geturðu keyrt bensínlaus“ gegn ákvæðum 8. gr., d. liðar 9. gr., f. liðar 10. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 sem og 5. gr. sömu laga þar sem lagt er almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Þá brýtur auglýsingin gegn ákvæðum 1. og 4. gr. þágildandi reglna nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum.





### 3.2

Í auglýsingu með yfirskriftinni „Nú er komið sumar og verðið hefur aldrei verið betra“ er auglýst til sölu bifreiðin Volkswagen Golf United.

Fullyrðingin „verðið hefur aldrei verið betra“ vísar að mati Neytendastofu til þess að verð á þeirri bifreið sem auglýst er hafi aldrei verið betra hjá Heklu svo ekki er hér um samanburðarauglýsingu að ræða sbr. 15. gr. laga nr. 57/2005. Í máli þessu hefur ekki verið vísað til lagagreina eða að öðru leyti færð rök fyrir því að fullyrðingin standist ekki og er það því mat Neytendastofu að skýringar Heklu á fullyrðingunni séu fullnægjandi.

## IV.

### Ákvörðunarorð:

**„Hekla hf., Laugavegi 174, Reykjavík, hefur með því að tilgreina ekki heildarverð, endanlegt verð til væntanlegra kaupenda á bifreiðum miðað við bílasamning, í auglýsingum með fyrirsögninni „Loksins geturðu keyrt bensínlaus“ og „Nú er komið sumar og verðið hefur aldrei verið betra“, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr., d. lið 9. gr., f. lið 10. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu auk 1. og 4. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995.**

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu bannar Neytendastofa Heklu hf. að auglýsa afborgunarverð bifreiða án þess að fram komi sú heildarfjárhæð sem greidd er fyrir bifreiðina með afborgunum.**

**Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunar þessarar.“**

Neytendastofa, 7. maí 2009

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir